

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald er 0,21% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki kr. 75.000 og að lágmarki kr. 50.600.

Vatnsgjald atvinnuhúsnæðis skal vera 0,15% af fasteignamati þó að lágmarki kr. 83.700.

Vatnsgjald sumarhúsa skal vera kr. 50.600.

Gjald fyrir byggingavatn skal vera kr. 334 á dag.

2. gr.

Heimæðargjald.

Lágmarksheimæðargjald vatnsveitu í þéttbýlinu á Flúðum er kr. 297.651 miðað við 25 mm þvermál rörs og allt að 25 m lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfritt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út af starfsmönnum veitunnar. Miða skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m. Fyrir lengd umfram 25 m greiðist viðbótargjald.

Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

<i>Þvermál rörs</i>	<i>Verð, kr.</i>	<i>Verð á metra umfram 25 m, kr.</i>
25 mm	297.651	5.017
32 mm	402.233	5.194
40 mm	523.085	7.374
50 mm	705.902	8.177
63 mm	988.232	9.095
70 mm	1.432.926	10.169

Byggingavatn:

Byggingavatnskrani til og með 50 mm	<i>Verð, kr.</i>
Uppsettur byggingavatnskrani, heildarvinna	110.099
Aftenging byggingavatnskрана, yfirborð frágengið	95.601

Verðið gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðamörk. Veitan leggur til búnað við tengingu byggingavatns. Greitt er daggjald fram að aftengingu. Byggingavatnskrani er aftengdur um leið og heimtaug er tengd inn í hús og þá er ekki greitt sérstaklega fyrir aftengingu. Við aðrar aðstæður og stærri tengingu en 50 mm er tenging gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimtaugagjaldi. Fyrir hverja aukagrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar.

3. gr.

Notkunargjald.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældra í rúmmetrum. Notkunargjald er 41 kr./m³.

Fyrir rennismæla skal greidd mælaleiga á ári eftir stærð mælis:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Notkunargjald kr.</i>
15 mm	13.632
20 mm	13.851
25 mm	17.887
32 mm	19.306
50 mm	29.340
80 mm	76.880

4. gr.

Stofngjald.

Stofngjöld utan þéttbýlis skal reikna sérstaklega og skal miðað við að þau standi undir öllum kostnaði við verkið. Skulu gjöldin greiðast að fullu við upphaf verks samkvæmt kostnaðaráætlun sem lögð er fram af veitu- og framkvæmdanefnd nema um annað sé samið. Við lok verks er verkið gert upp og þá gætu komið til frekari greiðslur eða endurgreiðsla.

5. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað greiðanda/húseiganda.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af veitu- og framkvæmdanefnd Hrunamannahrepps 4. nóvember 2025 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps 4. desember 2025 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu og þá fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu í Hrunamannahreppi nr. 1722/2024.

Hrunamannahreppi, 5. desember 2025.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 29. desember 2025